

Leikskólinn Sjónarhóll

Foreldrahandbók

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Yfirstjórn og ráðgjöf	2
Þagnarskylda og trúnaður	2
Aðlögun barns	2
Flutningur barna á milli deilda	3
Flutningur barna milli skólastiga	3
Foreldraráð	3
Foreldrafélag	3
Foreldrasamvinna	3
Upplýsingar til foreldra	4
Að koma með og ná í börn	4
Fjarvistir/veikindi	4
Sjúkdómar	5
Lús:	5
Njálgur:	5
Fimmtaveikin:	5
Kossageit:	5
Hand, fóta- og munnsjúkdómur	5
Augnsýking:	6
Slys á börnum	6
Heilahristingur:	6
Hálsmeiðsl:	6
Opið sár:	6
Fatahólf og fatnaður barna	6
Afmæli	7
Ferða og skemmtisjóður	7
Uppákomudagar	7
Kynningarfundir/samtöl	7
Skipulagssdagar/námskeiðsdagar	8
Lögboðnir frídagar	8
Hátíðadagar	8
Skólaárið	8
Sumarfrí	9

Inngangur

Leikskólinn Sjónarhóll er sex deilda leikskóli fyrir börn í Sveitarfélaginu Hornafirði á aldrinum eins til sex ára. Leikskólinn starfar eftir Aðalnámskrá leikskóla.

Í lögum um leikskóla frá 2008 kemur fram að leikskólinn er fyrsta skólastigið. Öllum leikskólum er uppálagt að vinna eftir Aðalnámskrá leikskóla sem er gefin út af Menntamálaráðuneytinu árið 2011.

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>

Yfirstjórn og ráðgjöf

Sveitarfélagið Hornafjörður er rekstraraðili leikskólans á Höfn. Fræðslu- og tómstundanevnd fer með málefni leikskólans. Hlutverk nefndarinnar er hægt að sjá í skólastefnu sveitarfélagsins. Fræðslustjóri er yfirmaður skólamála hjá sveitarfélaginu.

Leikskólinn hefur aðgang að sálfræðingi sem kemur einu sinnum í mánuði yfir skólaárið og talmeinafræðingi sem kemur þrisvar á ári. Leitað er til þessara sérfræðinga ef ástæða þykir til í samráði við foreldra barna.

Þagnarskylda og trúnaður

Starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu um börn og aðstandendur þeirra. Einnig er mælt til þess að foreldrar sýni leikskólanum trúnað. **Gagnkvæmur trúnaður er forsenda þess að barninu líði vel í leikskólanum.** Foreldrar og starfsfólk sem taka myndir í leikskólastarfinu af öðrum börnum en sínum eru beðin um að birta þær ekki á fésbókinni (facebook) eða öðrum opinberum stöðum.

Aðlögun barns

Foreldrar eru með barni sínu í aðlögun í tvo daga þann skólatíma sem barnið kemur til með að vera í leikskólanum en á þriðja degi reynir á barnið án foreldra í leikskólanum. Ef barnið er með skólatíma til 16:00 er gott ef foreldrar hafa tök á að hafa barnið styttra fyrstu dagana sem barnið er eitt, það gæti auðveldað barninu aðlögunina. Þá tvo daga sem aðlögun stendur yfir tekur deildarstjóri foreldraviðtöl, er með hópfund þar sem farið er yfir ýmis atriði sem varða leikskólagöngu barnsins.

Flutningur barna á milli deilda.

Deildarstjóri á deild sem barn er að flytja af lætur foreldra vita að flutningur sé fyrirhugaður og kynnir nýju deildina og starfsfólk hennar fyrir foreldrum. Reynt er að flytja saman nokkur börn í einu.

Flutningur barna milli skólastiga

Upplýsingar um brúum bilið er á heimasíðu skólans, www.sjonarholl.leikskolinn.is

Foreldraráð

Lög um leikskóla frá 2008 gera ráð fyrir að foreldraráð starfi við skólann. Kosið er í ráðið á hverju hausti, í ráðinu eru þrjú foreldrar auk leikskólastjóra. Um foreldraráð er hægt að lesa í 11. grein laga um leikskóla frá maí 2008

<http://www.althingi.is/lagas/135b/2008090.html>.

Upplýsingar um fulltrúa í foreldraráði má sjá á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélagið í leikskólanum heitir Krakkahólar. Þegar barn byrjar í leikskólanum verða foreldrar sjálfkrafa meðlimir í félaginu. Félagið er stofnað til að auka tengsl foreldra innbyrðis og við skólann, þannig að velferð barnanna sé sem best tryggð. Upplýsingar um fulltrúa í foreldrafélaginu má sjá á heimasíðu leikskólans.

Foreldrasamvinna

Það er mikilvægt að góð samvinna takist á milli foreldra barns og starfsfólks og að gagnkvæm virðing sé þar á milli. Barnið dvelur stóran hluta dagsins í leikskólanum. Því er nauðsynlegt fyrir starfsfólk að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um hvernig dagurinn í leikskólanum gekk, viðfangsefni og atvik dagsins. Oft veldur lítið atvik því, hvort sem er í leikskólanum eða heima fyrir, að hegðun barnsins er ekki söm og áður. Geta þá upplýsingar auðveldað foreldrum og starfsfólki að vinna úr þeim málum.

Foreldrar eru beðnir um að virða skólatíma barna sinna og að koma ekki með börn inni miðjar stundir. Ef börn einhverra hluta vegna koma of seint eða eru sótt fyrir eru foreldrar beðnir um að láta vita í leikskólann og einnig er nauðsynlegt að láta vita af fjarverum.

Upplýsingar til foreldra

Foreldrar fá upplýsingar frá leikskólanum ýmist í gegnum tölvupóst, heimasíðu, skilaboðatöflu eða munnlega. Foreldrar eru beðnir um að fylgjast reglulega með hvort nýjar upplýsingar eru frá leikskólanum. Allir foreldrar þurfa að sækja um aðgang að Karellen til að komast inná svæði viðkomandi deildar á heimasíðunni. Heimasíða leikskólans er: sjonarholl.leikskolinn.is

Að koma með og ná í börn

Óheimilt er að senda barn eitt í leikskólann eða skilja það eftir án þess að hafa samband við starfsfólk hvort sem er að ræða inn á deild eða í útiveru. Látið því starfsfólk alltaf vita þegar þið komið með eða sækið barnið ykkar. Þetta er öryggisatriði fyrir starfsfólk og ekki síst fyrir barnið. Starfsfólk tekur ekki á móti börnum í fataklefa, foreldra eiga að koma með börnin inn á viðkomandi deild. Farið er fram á að **börn yngri en 11 ára komi ekki** með eða sæki börn í leikskólann. Ef aðrir en foreldrar sækja börnin verður starfsfólk að fá skilaboð um það frá foreldrum því annars megin við ekki afhenda viðkomandi barnið. Ef barnið vill ekki koma í leikskólann látið okkur einnig vita svo hægt sé að finna orsökina og vinna með barnið.

Fjarvistir/veikindi

Ef barnið kemur ekki í leikskólann vegna veikinda eða annarra ástæðna, þá vinsamlega látið okkur vita. **Veikist barnið skal það dvelja heima þar til það hefur verið hitalaust í a.m.k. 1-2 sólarhringa.** Þegar barnið kemur aftur í leikskólann **eftir veikindi getur það fengið að vera inni**, en er það samkomulagsatriði milli foreldra og deildarstjóra hversu langur sá tími er en vanalega er miðað við ekki lengur en tvo daga. Foreldrar eru beðnir um að misnota ekki þann möguleika. **Börn eru ekki höfð inni fyrir veikindi**, það er ekkert sem bendir til þess að börn veikist frekar í útilofti en innandyra. Börn sem dvelja langdvölum innandyra eru oft kulsælli og viðkvæmari en þau börn sem vön eru útiveru

Sjúkdómar

Lús: Ef grunur leikur á að barn sé með lús skal staðfesta þann grun og ef rétt reynist skal barn sent tafarlaust heim. Fylgjast skal vel með hvort getur verið að lúsin hafi farið í fleiri. Meta þarf í hvert skipti hvort loka þarf deildum í skólanum. Láta starfsfólk vita ef grunur vaknar um að barn sé með lús. Tilkynna þarf öllum foreldrum ef vart verður við lús og óskað eftir að þau skoði börn sín, **börn mega ekki koma í leikskólann meðan það er með lús eða nit í hárinu.** Starfsmenn sjá um að biðja aðra foreldra um að fylgjast með sínum börnum en segja ekki frá hvaða barn er smitað.

Njálgur: Ef barn er með njálg á það ekki að vera í leikskóla fyrr en það hefur fengið lyf við honum og þau farin að virka. **Barn er ekki í leikskólanum þangað til eftir að lyf eru tekin og þau farin að virka.** Láta þarf starfsfólk vita ef grunur vaknar um njálg. Starfsmenn sjá um að biðja aðra foreldra um að fylgjast með sínum börnum en segja ekki frá hvaða barn er smitað.

Fimmtaveikin: Fimmtaveikin er smitsjúkdómur og því á barn ekki að vera á leikskólanum ef það er greint með hana. Einkenni eru rauð útbrot í kinnum oft talað um að það sé eins og fólk hafi verið slegið utan undir. Viku áður en útbrot breiðast út getur orðið vart við hita og flensu einkenni.

Útbrot í andliti koma því næst, kláði, verkir eða bólgur í liðum (frekar hjá fullorðnum)
Fólk getur verið einkenna laust en samt smitberar.

Kossageit: Barn með kossageit á að vera heima þar til smithætta er liðin hjá. Einkenni eru rauð útbrot sem í eru blöðrur með vökva eða greftri, gulleitt hrúður myndast á sárinu, kláði einkennandi. Barn má fara í leikskóla þegar hrúðrin eru dottin af sári.

Hand, fóta- og munnsjúkdómur: Er smitandi veiru sjúkdómur sem herjar á börn. **Börn eiga ekki að vera í leikskólanum þegar þau eru með hann.** Einkenni eru blöðrur í koki, á lófum og iljum. Sjúkdómurinn er ekki hættulegur og gengur yfir af sjálfum sér. Á meðan blöðrur eru til staðar er smithætta.

Augnsýking: Ef um sýkingu í augum er að ræða þá má barn eða starfsmaður ekki vera í leikskóla. Einkenni eru roði í hvítunni í auga, gröftur í augnhárum og augnkrók, kláði og sand-tilfinning í auga. Ef það er ekki roði, meta lækna það ekki sem sýkingu, heldur sem „kvef í augum“ og barnið fær ekki meðferð.

Slys á börnum

Leita strax læknis ef mat starfsfólks er svo og hringja í foreldra. Ef vafi leikur á að lækni þurfi ber að hringja í foreldra láta vita og þeir meta hvort eigi að fara með barn til læknis.

Heilahristingur: Ef barn er meðvitundarlaust skal hringja strax í 1-1-2 og fylgjast vel með öndun einnig skal fylgjast vel með öndun barna sem ekki missa meðvitund og fá högg á höfuð og hætta er á heilahristing. Hringt verður í foreldra og lækni ef grunur er á heilahristing hjá barni. Reyna eftir fremsta megni að halda barni vakandi, ef það gengur ekki á að vekja það á 30 mínútna fresti, fylgjast skal vel með barni allavega næstu 24 tíma á eftir, aldrei yfirgefa barn með heilahristing. **Barn með heilahristing fer heim.**

Hálsmeiðsl: Ef barn slasast á hálsi skal ekki hreyfa við því og ekki biðja barn að gera það. Kanna og fylgjast með öndunarvegi hvort hann sé ekki vel opinn, taka púls og skorða höfuð og háls eins varlega og hægt er. Hringja í 1-1-2 og fá ráðleggingar þar til lækni kemur. Einnig skal alltaf hringja í foreldra.

Opið sár: Hreinsa sár vel með vatni eða saltvatni. Ef um miklar blæðingar er að ræða, skal stoppa blæðingu strax með því að þrýsta **beint á blæðingarstað**, í ca 10-15 mín, eða þar til blæðing stöðvast. Ef sár er í minna lagi skal hringja í foreldra og þau koma og meta hvort fara á með barn til læknis. Fara með barn til læknis og hringja í foreldra og láta vita ef sár er í stærra lagi, ef um alvarlegar og miklar blæðingar er að ræða skal hringja í 1-1-2 og foreldra.

Fatahólf og fatnaður barna

Tæma þarf fatahólfina á föstudögum og þegar farið er í önnur frí svo hægt sé að þrifa þau. Töskur leikskólubarna eru ekki geymdar í skólanum yfir vikuna. Mikilvægt er að börn

séu klædd í samræmi við veður og að þau hafi næg aukaföt í körfunni. Mikilvægt er að merkja öll föt vel og vandlega. Leikskólastarfsfólk ber ekki ábyrgð á fötum sem glatast.

Afmæli

Á afmælisdegi barns fær barnið að vera miðdepill dagsins á ýmsan hátt t.d. fær barnið kórónu og afmælismynd. Afmæliskaka er í boði skólans í síðustu viku hvers mánaðar og er kakan tileinkuð þeim sem eiga afmæli þann mánuð. Foreldrar koma ekki með veitingar að heiman á afmælisdegi barna.

Ferða og skemmtisjóður

Þegar barn byrjar í leikskólanum gengur það sjálfkrafa inn í ferða- og skemmtisjóðinn. Þessi sjóður er notaður til ferðalaga, leiksýninga o.fl. Árgjaldið er 2500 krónur og greiðist í peningum. Foreldrar greiða í sjóðinn til deildarstjóra eða starfsfólks á viðkomandi deild.

Uppákomudagar

Á slíkum dögum mega börn koma með eitthvað ákveðið að heiman eða í einhverju ákveðnu. Auglýst er á töflu við deild þegar einhverjir uppákomudagar eru framundan og því er mjög brýnt að foreldrar lesi á töfluna. Leikskólinn og starfsfólk hans bera ekki ábyrgð á leikföngum og öðru sem börnin koma með og því viljum við biðja foreldra og forráðamenn að senda börnin ekki með verðmæta hluti. Munið ávallt að merkja leikföngin/hlutina vel.

Kynningarfundir/samtöl

Á hverju hausti eru foreldrasamtöl þar sem starf vetrarins er kynnt og farið yfir skólastarfið og ýmis hagnýt atriði. Einnig eru foreldrar boðaðir í eitt einstaklingsviðtal á skólaárinu þar sem spjallað er um þroska barns og líðan. Miðast er við að viðtölin séu tekin í október og í febrúar.

Engir sérstakir viðtalstímar eru hjá starfsfólki en ef foreldri þarf að tala við deildarstjóra, aðstoðarleikskólastjóra eða leikskólastjóra þá endilega hafið samband.

Skipulagssdagar/námskeiðsdagar

Starfsfólk leikskóla á Hornafirði eiga rétt á fimm skipulagsdögum á ári og einum námskeiðsdegi. Þessa daga eru leikskólarnir lokaðir og eru þeir ætlaðir til undirbúa skólustarf leikskólans og endurmeta það starf sem unnið hefur verið. Einnig eru þeir ætlaðir til fræðslu, námskeiða, heimsókna kynninga o.fl. Stundum eru veittir auka skipulagsdagur ef þörf þykir fyrir starfið.

Lögboðnir frídagar

Á þessum dögum er leikskólinn lokaður:

Nýársdagur (1. janúar)

Skírdagur

Föstudagurinn langi

Annar í páskum

Sumardagurinn fyrsti

Verkalýðsdagurinn (1. maí)

Uppstigningardagur

Annar í hvítasunnu

Þjóðhátíðardagurinn (17. júní)

Frídagur verslunarmanna

Aðfangadagur (24. desember)

Jóladagur (25. desember)

Annar í jólum (26. desember)

Gamlársdagur (31. desember)

Hátíðadagar

Á jólum, páskum, 17. júní og svo framvegis er rætt við börnin af hverju við höldum þessa daga hátíðlega.

Skólaárið

Þegar skólinn byrjar fer fast vetrarstarf í gang og um miðjan maí lýkur vetrarstarfi og sumarstarf tekur við með aukinni útiveru.

Sumarfrí

Öll börn eiga að taka fjórar vikur í sumarfrí, fríið er ætlað til að hvíla sig á vinnu og starfi sem þau eru í allt árið og að hlaða batteríin fyrir næsta skólaár. Skólinn er lokaður í fjórar vikur á tímabilinu frá miðjum júlí fram í miðjan ágúst.